

Útleigureglur fyrir félagsheimili Hvalfjarðarsveitar

- Leigutakar verða að hafa náð 25 ára aldri.
- Við leigu skal ábyrgðarmaður skrifa undir leigusamning sem er ábyrgðaryfirlýsing.
- Borga þarf þremur vikum fyrir útleigudag. Berist greiðsla ekki á tilskyldum tíma er litið svo á að fallið hafi verið frá leigunni.
- Ef um endurtekna notkun er að ræða er hægt að semja sérstaklega um verð eftir fjölda skipta á því leigutímabili sem um ræðir.
- Beiðni um undanþágur frá gjaldskrá skal beina til sveitarstjórnar. Í þeim tilvikum þurfa leigutakar að sjá sjálfir um þrif, skemmtana/stefgjöld og annan þann kostnað sem til getur fallið.
- Afhending hússins fer að jafnaði fram miðað við þann leigutíma sem óskað er eftir og skal skila húsinu strax að viðburði loknum nema samið sé um annað.
- Ef fleiri en einn aðili óskar eftir að leigja húsnæðið á sama tíma gildir að sá gengur fyrir sem pantar fyrst. Aðilar sem greiða fullt gjald fyrir leigu ganga fyrir þeim sem hafa fengið undanþágu frá gjaldskrá.
- Starfsmaður lætur leigutaka fá lykla, kennir á kerfið, fær leiðbeiningar um búnað og aðrar aðstæður í húsinu fyrir útleigu.
- Dúkafeig er ekki innifalinn í leiguverði og er greitt fyrir þá skv. gjaldskrá.
- Leigutaki ber fulla ábyrgð á tjóni á húsnæði, tæknibúnaði og innanstokksmunum sem gestir kunna að valda.
- Borðbúnaður er innifalinn í leiguverði og honum ber að skila í sama ástandi og tekið var við honum. Með öllu er óheimilt að fara með borðbúnað út úr húsi, s.s.potta, pönnur og skálar. Ef áhöld eða borðbúnað vantar þá verður rukkað fyrir það.
- Leigutaki skal skila húsnæðinu grófþrifnu eftir útleigu. Í því felst að gólf séu sópuð/ryksuguð, gluggakistur þvegnar, borð þrifin, öll áhöld á sínum stað, og allt sorp fjarlæggt. Ef skoðun eftir útleigu leiðir í ljós ófullnægjandi þrif skal leigutaki greiða tímagjald fyrir þann tíma sem þarf í aukaleg þrif.
- Stefgjöld eru innheimt með leigu þegar það á við.
- Í Miðgarði er boðið upp á rafmagnstengingar fyrir ferðavagna og er greitt aukagjald fyrir það skv. gjaldskrá og er það innheimt með leigunni.

Samþykkt af Menningar- og markaðsnefnd Hvalfjarðarsveitar, 4. maí 2021

Samþykkt í sveitarstjórn Hvalfjarðarsveitar, 11. maí 2021